

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2010.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 20. janúar 2010 skulu umsækjendur um skírteini flugliða, handhafar flugrekstrarleyfa, flugskólar, fluglæknar, fluglæknasetur og fyrirtæki sem starfa að þjálfunarmálum flugliða með samþykki Flugmálastjórnar Íslands fylgja leiðbeiningarefni Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA Administrative and Guidance Material, Section Five: Personnel Licensing, Part Two: Procedures) við JAR-FCL 1, JAR-FCL 2 og JAR-FCL 3. JAR-FCL 1, JAR-FCL 2 og JAR-FCL 3 hefur verið innleitt með reglugerð nr. 401/2008 um skírteini flugliða á flugvél, reglugerð nr. 402/2008 um skírteini flugliða á þyrllu og reglugerð nr. 403/2008 um heilbrigðiskröfur flugliða. Óheimilt er að nota aðrar forskriftir en um getur í leiðbeiningarefni þessu nema ef sýnt hefur verið fram á að um jafngildar eða betri aðferðir að ræða skv. mati Flugmálastjórnar Íslands. Framangreint leiðbeiningarefni er birt á vefsíðu Flugmálastjórnar Íslands.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefnar af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. janúar 2010.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2010